

Fundarstjóri – góðir fundarmenn

Ég vil – strax hér í upphafi undirstrika að lífeyriskerfið okkar hefur sýnt og sannað að það er í öllum aðalatriðum traust og gott. Til þess er horft víða utan úr heimi sem fyrirmyndar um hvernig lífeyriskerfi sem byggir á samtryggingu og kjarasamningsbundnum réttindum verði best fyrir komið.

Á undanförunum misserum hafa breyttar forsendur í lífeyriskerfinu hins vegar orðið sífellt meira áberandi. Æ fleiri gera sér grein fyrir því að við þessu þarf að bregðast með einhverjum hætti. Þessi þróun var ein af ástæðum þess að í aðdraganda kjarasamninga settu samtök launafólks á almennum markaði fram kröfu um aukið framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð. Það dró heldur ekki úr, að á þessum tíma var talsvert heit umræða í þjóðfélaginu um lífeyrismál æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Við þurfum ekki að rekja tilefni þeirrar umræðu hér. Það breytir ekki því að hún setti lífeyrismálin í forgrunn í tengslum við gerð kjarasamninga.

Samhliða og í kjölfar gerð kjarasamninga höfum við á vettvangi Alþýðusambandsins lagt í talsverða vinnu í þessu sambandi. Í sumarbyrjum héldum við ráðstefnu meðal forystumanna og fulltrúa okkar í stjórnnum lífeyrissjóða. Í framhaldinu fóru síðan í gang formlegar viðræður við atvinnurekendur um þessi mál.

Ég held að við getum öll verið sammála um að það er skynsamlegt að gefa sér tíma til að fara nákvæmlega yfir málin og hrapa ekki að niðurstöðu. Ég sé til dæmis ekki fyrir mér að við ljúkum þessari umfjöllun á þessum fundi.

Það hvílir hins vegar á okkur sú ábyrgð að hraða nokkuð vinnunni við að útfæra nánar þær breytingar sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Eins og allir hér þekkja, var þá samið um hækkun iðgjalda, alls tvö prósentustig. Fyrri prósentíð kemur til framkvæmda fyrsta janúar næstkomandi, þannig að okkur er ekki til setunnar boðið hvað það varðar að útfæra þann hluta málsins.

Eins og ég sagði í upphafi er lífeyriskerfið okkar traust og gott. Í vil líka ítreka þá skoðun mína, að ein af skýringunum á því hversu vel hefur tekist til, er að við höfum haft mjög öflugt samstarf um lífeyrismálin allt frá upphafi, launafólk og atvinnurekendur. Það hefur ekki síst lagt grunninn að þeirri víðtæku sátt sem gildir um fyrirkomulagið.

Eins og við þekkjum eru það samningsaðilar sem leggja meginlínurnar að starfsemi lífeyrissjóðanna með kjarasamningi. Í því fyrirkomulagi liggur að mínu viti mikill styrkleiki, sem sannaðist enn einu sinni með samningunum síðastliðinn vetur. Í endurskoðuninni árið 1995 var síðan opnað fyrir ákveðið sjálfðæmi einstakra sjóða í útfærslu réttinda og tel ég mikilvægt að halda því áfram.

Kerfi af þessu tagi – þó gott sé – er aldrei endanlegt og fullskapað. Aðstæður í þjóðfélaginu breytast og sama gildir um þær kröfur sem við gerum til afkomu og lífsgæða. Þess vegna þarf kerfi eins og lífeyriskerfið að vera í sífelltri endurskoðun.

Ég lít svo á að við séum núna að fara inn í fjórða stóra áfangann í þessu efni. Fyrsti áfanginn hófst þegar samkomulag náðist um að koma kerfinu á fót árið 1969. Annar áfanginn hófst árið 1986 þegar samið var um að greitt skyldi iðgjald af öllum launum – ekki einungis dagvinnulaunum. Þriðji áfanginn er svo stóra endurskoðunin árið 1995 og nú – áratug síðar, erum við að fara í fjórða stóráfangann.

Það eru margar áleitnar spurningar sem hafa vaknað á undanförnum misserum. Strax vakna spurningar um hvaða áhrif sviptingar í fjármálaheiminum og miklar breytingar á útlánakjörum bankanna hafa.

Þar hafa orðið meiri breytingar og sviptingar á nokkrum vikum en við höfum orðið vitni að áður – að minnsta kosti á jafn skömmum tíma. Það er líka nokkuð víst að þeim sviptingum er ekki lokið og útilokað að sjá fyrir nákvæmlega hver áhrifin verða. Það er þó alveg ljóst, að þessar hræringar munu hafa áhrif á lífeyrissjóðina. Þær hljóta til dæmis að hafa skýr og bein áhrif á ávöxtun þeirra á næstu árum.

Við störfum í sívaxandi mæli í alþjóðlegu umhverfi. Það felur meðal annars í sér að við hljótum í auknum mæli að fylgjast með ávöxtunarmöguleikum erlendis.

Allar þessar sviptingar og breytt viðhorf varðandi ávöxtunarmöguleika gera það að verkum að það er ástæða til að velta því fyrir sér hvort það sé líklegt að við getum staðið við 3,5% raunávöxtun í þessu kerfi til framtíðar. Er það raunhæft – eða þurfum við að an endurskoða þau loforð sem gefin hafa verið?

Við gætum staðið frammi fyrir því að þurfa að endurskoða verðtryggingu réttinda, meðal annars ef ávöxtunin stendst ekki. Þetta þurfum við að vera tilbúin að skoða með opnum huga og án fyrirframgefinnar niðurstöðu, þó ég ætlist ekki til að við svörum þessum spurningum hér og nú.

Við höfum sagt – og gerðum það í aðdraganda síðustu kjarasamninga – að við kepptum að því að jafna réttindi okkar fólks við réttindi starfsfólks á opinbera markaðnum. Þar búa menn við það kerfi að launagreiðandinn tekur ábyrgð á réttindunum. Þau eru föst. Í almennu sjóðunum verða menn hins vegar að fjármagna réttindin sjálfir – því eignirnar verða að minnsta kosti að standast á við skuldbindingarnar.

Ein af spurningunum sem við stöndum því frammi fyrir – og við verðum helst að svara – er spurningin um hvert við viljum stefna. Krafan um jöfn réttindi hefur verið sett fram. Er raunhæft að við náum henni? Er það líklegt? Þegar við á sínum tíma settum okkur að lífeyrissjóðirnir ættu að tryggja okkur 56% af meðallaunum til æviloka, þá var alltaf meiningin að til viðbótar kæmi riflegt framlag frá tryggingakerfinu. Sá hluti málsins hefur ekki gengið eftir með þeim hætti sem gert var ráð fyrir.

Þegar við síðan stöndum frammi fyrir þeim tryggingafræðilegu staðreyndum að aldurssamsetning þjóðarinnar breytist stöðugt, örorkubyrði hefur aukist verulega á síðustu árum, Íslendingar lifa lengur og ávöxtun til framtíðar er ekki jafn örugg og við höfum áður talið, þá er ljóst að við verðum að skoða málin ofan í kjölinn.

Víkjum lítillega að aldurssamsetningunni. Það liggur fyrir að nýliðun þjóðarinnar hefur dregist saman jafnt og þétt á umliðnum árum. Á fyrstu árunum eftir að samkomulag var gert um lífeyrissjóði var 1,72 einstaklingur á aldrinum 16 til 29 ára umfram einstaklinga á aldrinum 50-67 ára.

Á síðustu tíu árum hefur þetta hlutfall færst niður í 1,35 einstakling. Ef spár ganga eftir, þá heldur þróunin áfram. Á árabílinu 2021 til 2030 er gert ráð fyrir að það verði 0,83 einstaklingar á aldrinum 16 til 29 umfram einstaklinga á aldrinum 50 til 67 ára.

Þessu til viðbótar liggur fyrir að ævilíkur hafa aukist og meðallífdur Íslendinga er með því allra hæsta sem þekktist í heiminum. Einnig liggur fyrir að tekjur fólks eru ákaflega mismunandi eftir aldri, þannig að sú spurning verður æ áleitnari hvort forsendur hinnar jöfnu réttindaávinnslu séu ef til vill brostnar. Mér finnst rétt að nefna þetta hér, þó það hafi komið skýrt fram í erindunum sem hér hafa verið flutt

Á undanförunum árum hafa nokkrir lífeyrissjóðir tekið upp aldurstengda ávinnslu réttinda. Við þurfum að fara alvarlega í gegnum umræðu um hvort það er sú leið sem við eigum almennt að taka upp. Við getum verið viss um að fá að heyra það að þessi leið sé þyrnum stráð og einhverjir munu segja að hún sé ófær. Ég segi á móti að vissulega séu ýmis ljón í veginum og margs að gæta, en hindranirnar eru engan veginn óyfirstíganlegar og óbreytt ávinnsla virðist ekki raunhæfur kostur lengur.

Í allri slíkri vinnu verðum við að gæta þess að kynslóðasáttin frá 1969 verði virt – þannig að enginn missi réttindi.



Í því sambandi gætum við þurft að leita til stjórnvalda um að fjármagna hana að einhverju leyti meðan umbreytingin gengur yfir. Það er ekkert óeðlilegt við að dreifa þeirri ábyrgð og kostnaðinum af því með þeim hætti. Þetta gæti þýtt um 1% af launasummuni í einn og hálfan til tvo áratugi. Minna má á, að almenna lífeyriskerfið hefur lagt ríkissjóði til verulega fjármuni í tengslum við fjármögnun á lífeyrisréttindum einstaklinga sem fæddir voru fyrir 1914 og ekki höfðu tækifæri á að ávinna sér lífeyrisréttindi. Okkur sýnist að þetta gæti verið á fjórða tug milljarða króna á núverandi verðlagi.

Annað viðfangsefni sem við þurfum að takast á við er að taka tillit til breyttrar og þyngri örorkubyrði. Við höfum hingað til miðað við danskar forsendur og gefið 30% afslátt frá þeim. Það er ekki raunhæft lengur. Aðstæður á íslenskum vinnumarkaði hafa versnað og örorkubyrðin þyngst.

Í því sambandi hljóttum við að kalla eftir frekari þátttöku ríkisins í að fjármagna örorkubyrðina. Það þarf meiri og breiðari dreifingu áhættunnar. Í því sambandi verður að gera raunhæfa áætlun um að koma fólki aftur út á vinnumarkaðinn, með fjölbreyttri starfsendurhæfingu.

Vegna þessa hlýtur eitt af af þeim verkefnum sem augljóslega þarf að fara í á næstunni að vera að ræða við ríkisvaldið um verkaskiptinguna og samspilið milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.

Um leið skulum við þó halda því til haga, að ábyrgðin á lífeyrissjóðakerfinu byggir á samábyrgð launafólks og atvinnurekenda. Við viljum halda því þannig – og það getur því ekki gengið að sjóðunum verði stjórnað af einhverjum öðrum fremur en að þeim sé ráðstafað til annarra þarfa en í þágu eigendanna.

Enn og aftur vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að við skoðum kerfið í heild. Ég held að það sé ekki langsótt að skoða það með sambærilegum hætti og við höfum umgengist menntamálin.

Menntun er æviverk – ævilangt ferli. Þannig á ávinnsla lífeyrisréttinda að vera ævilangt ferli og í því á að vera samfella. Það má ekki raska og breyta öllum forsendum þó fólk af einhverjum ástæðum skipti um vinnu og starfsvettvang.

Við verðum jafnframt að fara blákalt yfir ávöxtunarforsendurnar. Ég er þeirrar skoðunar að við hljótum að þurfa að taka meira tillit til raunverulegrar ávöxtunar frá ári til árs, þó það hljóti að vera skynsamlegt að jafna út sveiflurnar.

Það er ljóst að í þeirri vinnu sem framundan er verður að taka tillit til margra atriða. Aðalatriðið í því sambandi hlýtur þó að vera sú góða reynsla sem við höfum af því fyrirkomulagi sem við höfum þróað.

Auk þess verðum við að taka tillit til stöðu sjóðanna, bæði með tilliti til áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Afkoman undanfarið hefur auðvitað verið með þeim hætti að við höfum fengið hjálp úr þeirri átt - en við getum engan veginn gengið að því sem vísu um alla framtíð. Raunar er mjög varasamt að slá því föstu eins og ég minntist á í upphafi.

Það samkomulag sem við gerðum í síðustu kjarasamningum um að hækka iðgjald atvinnurekenda úr 6 í 8% liðkar auðvitað til í sambandi við þessa útfærslu og gerir það að minnsta kosti að verkum að við getum í öllum aðalatriðum staðið við það sem við höfum lofað.

Að endingu vil ég ítreka það, að þó úrlausnarefnin séu mörg og aðkallandi, þá er kerfið bæði gott og traust. Reynslan hefur sýnt okkur það. Kerfið er gott af því að grunnhugsunin á bak við það er skynsamleg. Grunnurinn er samtryggingin og sáttin milli kynslóðanna. Þetta tvennt er lykillinn að þeirri sátt sem ríkir um kerfið.

Í þessari staðreynd er líka fólgin sú ábyrgð sem á okkur hvílir – það er að reyna með sem gleggstum hætti að sjá fyrir okkur hvernig framtíðin verður. Þess vegna verðum við ekki einungis að bregðast við þeim vanda sem kemur upp hverju sinni – heldur verðum við að bregðast við vanda sem er fyrirsjáanlegur í framtíðinni. Það er skynsamlegra að gera það tímanlega, fremur en gera það þegar hlutirnir eru komnir í óefni.

Við getum ekki leyft okkur að senda reikninginn annað. Það verður því fróðlegt að fylgjast með því hvernig opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög og samtök opinberra starfsmanna bregðast við þeim vanda sem hvílir á lífeyrissjóðum þeirra og hefur aldrei verið tekist á við með öðrum hætti en að senda landsmönnum reikninginn.

Ég hef oft haldið því fram að lífeyrissjóðakerfið á almennum vinnumarkaði sýndi okkur betur en flest annað hverju við fáum áorkað þegar við stöndum saman. Í því kristallast sá grundvöllur sem verkalýðshreyfingin stendur á – sú grunnhugsun að við berum öll ábyrgð á velferðinni – ekki bara okkar eigin velferð, heldur berum við í sameiningu ábyrgð hvert á öðru. Látum það áfram vera leiðarljósið í þeirri vinnu sem framundan er.